

Vitafélagið – íslensk strandmenning Skýrsla stjórnar starfsárið 2015-2016

Fundarstaður: Gjáin, Grindavík
Dagsetning: 21. maí 2016

Skýrsla stjórnar

Stjórnarfundir: Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu; 6. júlí, 8. september, 7. október, 19. nóvember, 15. desember, 14. janúar, 24. janúar, 4. febrúar, 24. febrúar, 17. mars, 18. apríl. Aðalfundur er svo 21. maí í Gjánni í Grindavík og á eftir er dagskrá um menningarminjar á Reykjanesi og fl. í samstarfi við heimamenn.

Norræna strandmenningarhátíðin var að venju stærsta verkefni félagsins á liðnu starfsári. Að þessu sinni var hún haldin í *Mariuhöfn á Álandseyjum dagana* 13-19 júlí og var hluti af árlegri hátíð heimamanna sem nefnist Álands sjödagar.

Þema hátíðarinnar var „*Kustkvinnan*“. Á vegum félagsins fóru fjórtán manns sem tóku virkan þátt í hátíðinni. Sildarsöltunarhópur frá Síldarminjasafninu á Siglufirði sem enn og aftur stal senunni, handverkskonurnar Arndís Jóhannsdóttir sem fræddi gesti og gangandi um notkun roðs á Íslandi fyrr og síðar og Helga Mogensen sem vinnur skartgripi og aðra listmuni úr roði og rekavið. Fyrirlesari félagsins var Anna Karlsdóttir, landfræðingur og starfsmaður Nordregio sem tók þátt í málþingi um norrænar sjókonur sem Sjöminjasafnið í Mariuhöfn stóð fyrir í samstarfi við norræna netverkið.

Stjórnarmenn Vitafélagsins þeir Magnús Skúlason og Kristján Sveinsson stóðu vaktina ásamt formanni félagsins og fræddu gesti og gangandi um íslenska strandmenningu. Að auki mættu tveir fylgdarmenn með Siglufirðingum og eiginmaður Önnu þannig að alls voru það 18 Íslendingar sem sýndu sig á eyjunum þessa daga auk þeirra Íslendinga sem þarna eru búsettir.

Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Að venju stóð félagið fyrir fræðslukvöldum í Vikinni sjöminjasafni og var viðfangsefni spegilsins að þessu sinni „*Strandmenning – auður og ógnir*.“

Eftirfarandi erindi voru flutt:

4 nóvember, 2015

Reykjanes

Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Reykjanes Geopark: Uppbygging áfangastaða í Reykjanes Geopark.

Ragnheiður Traustadóttir fornleifafraeðingur.

13. janúar, 2016

Vestfirðir

Oddgeir Isaksen, fornleifafræðingur: Strandminjar í hættu Eypór
Eðvarðsson: Menningarlegt stórslys.

3. febrúar, 2016

Norðurland

Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur: Fornleifarannsóknir á Siglunesi
Róbert Guðfinnsson: Uppbygging atvinnulífs í sjávarbyggðum. Hver er
galdurinn?

2. mars, 2016

Austurland

Pétur Gunnarsson, rithöfundur og Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri
Minjaverndar: Frakkar á Íslandsmiðum – Franski spítalinn endurbyggður.

6. apríl, 2016

Snæfellsnes

Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðs Snæfellsnes: Andi
Snæfellsnes – auðlind til sóknar.

Lilja Björk Pálsdóttir, fornleifafræðingur og stjórnandi Gufuskála-
rannsóknarinnar: Fornleifarannsóknir á Gufuskálum.

Allir fyrirlestrarnir voru mjög vel sóttir og góður rómur að þeim gerður.
Félagið hefur síðustu tvö ár þurft að borga leigu fyrir fundaraðstöðuna.
Veitingasalurinn þar sem fundirnir hafa verið haldnir er nú rekin sem
sjálfstæð eining og safninu óviðkomandi. Sjóminjasafnið hefur þó notið góðs
af þessari starfsemi og fengið ómælda auglýsingu fyrir vikið. Safnstjórnin
hefur einnig lofsungið starfsemi félagsins og lofað að taka þátt í
fundarkostnaði en efndirnar hafa þó orðið minni en engar. Hvar starfsemi
félagsins verður framhaldið næsta vetur er því alveg óvíst.

Hafið fjaran og fólkið

Vordagur félagsins dróst fram á vetur og var ekki haldinn fyrr en 17. október
í Félagheimili Patreksfjarðar í samvinnu við Vesturbyggð og
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Yfirskrift dagskrár var venju samkvæmt

**Hafið, fjaran og fólkið - menningararfleifð, tækifæri og ógnir
sjávarbyggða.** Dagskráin var vel sótt og erindin fróðleg sem þar voru haldin
en þau voru:

Kynning Vitafélaginu sem formaður félagsins annaðist.

Af hverju þarf ég að spyrja Minjastofnun eða arkitekt? Endurbygging og
viðgerðir gamalla húsa. Gunnlaugur Björn Jónsson – Gingi arkitekt.

Hlutverk minjavarða og fornleifafræðinga vegna fornminja. Einar Ísaksson,
minjavörður Vestfjarða.

Ólafsviti í Patreksfirði og hafnargerð á Vatneyri, Kristján Sveinsson,
sagnfræðingur.

Arfur fortíðar – verndun súðbyrðings, Sigurður Bergsveinsson, ritari
Bátasafns Breiðafjarðar.

Sunnanverðir Vestfirðir í þremur efstu sætum náttúruperlina á Vestfjörðum,
Gunnþórunn Bender, framkvæmdastjóri Westfjords Adventurs.

Framtíðarsýn sjávarbyggða, Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri

Að loknum kaffiveitingum og spjalli í Félagsheimilinu fóru fundarmenn í skoðunarferð um satfiskvinnslu Odda undir leiðsögn Skjaldar Pálmasonar útgerðar- og sölustjóra Odda, þáðu veitingar í boði hafnarsjóðs og komu til baka mun fróðari en áður um galdra saltfisksins, verkun hans og töfra.

Sjókonur

Áður en vorvetrarmálþing var haldið á Patreksfirði höfðu Sunnlendingar samband við félagið og óskuðu eftir aðstoð við málþing á Stokkseyri um sjókonur. Fúslega varð formaður félagsins við þeirri bön og hélt til Stokkseyrar ásamt gjaldkera félagsins, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur laugardaginn 10. október. Aðalfyrirlesari málþingsins var **Dr. Margaret Elizabeth Willson sem talaði um „Sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð.“**

Margaret Willson er dósent í mannfræði og Kandadafræðum í Seattle og ólst upp í fiskveiðisamfélagi í Oregon í Bandaríkjunum. Hún stundaði sjálf sjómennsku á sínum yngri árum, meðal annars við strendur Ástralíu. Áhugi hennar á sjósókn íslenskra kvenna kviknaði fyrst fyrir um þrettán árum þegar hún dvaldi á Íslandi. Þá skoðaði hún Þuriðarbúð og varð gagntekin af sögu *Þuriðar Einarsdóttur formanns*. Undanfarin ár hefur hún safnað heimildum um sjósókn íslenskra kvenna frá upphafi byggðar til dagsins í dag. **Sigurbjörg Árnadóttir** kynnti Vitafélagið og Nordisk kustkultur og talaði einnig litillega um norrænar sjókonur. **Inga Fanney Egilsdóttir** stýrimaður ræddi um **„Sjókonu nútímans.“** Að loknum pallborðsumræðum og veitingum var haldið að Þuriðarbúð þar sem nýtt upplýsingaskilti um Þuriði formann var afhjúpað. Óhætt er að fullyrða að málþingið tókst með miklum ágætum, var sunnanmönnum til sóma og verður vonandi til að efla enn frekar vitneskju um þátt kvenna í sjósókn við íslandsstrendur.

Útgáfa og vefupplýsingar

Vitafélagið gaf út tvö blöð af **Fréttabréfinu** 2015. Annað var gefið út að vori og með því fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Hitt heftið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

Vefurinn www.vitafelagid.com Heiðursmaðurinn Sveinn Ólafsson hefur séð um heimasíðu félagsins og er ekki við hann að sakast þó svo að ýmsu sé þar enn ábótavant eftir árás tölvuhakkara. Sökudólgurinn er formaður félagsins sem ekki stendur sig í stykkinu eins og svo oft áður.

Facebook Félagið heldur úti feisbókarsíðu sem nýtist vel við auglýsingu á fundum og öðrum viðburðum félagsins.

Styrkir til starfseminnar

- Prentsmiðja Guðjóns Ó hefur styrkt félagið síðustu ár og gefið bæði pappír og prentun á fréttablaðinu. Fyrir prentun á vorblaðinu rukkuðu þeir þó fyrir pappírskostnaði.
- Félagið sótti um styrki til nokkurra aðila en fékk einungis styrk frá Nýsköpunar – og sjávarútvegsráðuneytinu
- Formaðurinn ásamt handverkskonunum Arndísi og Helgu fengu ferðastyrk vegna hátíðarhalda á Álandseyjum frá Letterstedtska Föreningen.

Áskoranir og hvatningar til opinberra aðila

Félagið sendi hreppsnefnd Kjósahrepps áskorun um að setja Búðarsand í umhverfismat áður en til efnistöku kemur vegna hitaveituf framkvæmda. Mariúhöfn er við suðaustur enda sandsins og mun hafa verið mesti kaupstaður landsins á miðöldum. Rústir staðarins eru ofan við Búðarsand og eru friðlýstar.

Félagið sendi einnig áskorun til borgaryfirvalda í Reykjavík þess efnis að að varðveita þá einstöku sögu og menningarminjar sem eftir eru í Grímsstaðavör fyrir komandi kynslóðir, sýna þessum minjum þá virðingu sem þeim ber, halda þeim við og gera þær aðgengilegar sem mikilvægan þátt í strandmenningarsögu Reykjavíkur.

• **Ljóshús á Garðskagavita**

Í þriðju atrennu þann 22. apríl 2016 tókst loks að koma ljóshúsinu á Garðskagavita sem staðið hefur þar höfuðlaust frá því lýðveldisvitinn tók við hans upprunalega hlutverki. Fjárhagsstyrkir og aðstoð til verksins fengust frá Menningarráði Suðurnesja, Sveitafélaginu Garði, Vegagerðinni, Minjavernd/Húsafriðunarnefnd, Málningu sem gaf félaginu málningu á gripinn, Stálorku í Hafnarfirði sem annaðist þessa listasmíði, Björgunarsveitinni sem aðstoðaði við að koma húsinu á sinn stað að ógleymdri Landhelgisgæslunni sem mætti á staðinn með þyrlu til að hífa það á vitan. Að lokum ber svo að nefna þátt Magnúsar Skúlasonar sem var fóstöðumaður Húsafriðunarnefndar þegar fyrstu vitar landsins voru friðaðir árið 2003 - þeirra á meðal Garðskagaviti og hefur nú haldið um taumana við þetta verkefni félagsins.

- **Norrænt samstarf.** Sigurbjörg sótti fund til Færeyja í byrjun febrúar þar var norræna samstarfið og hátíðin í Vági í Færeyjum var aðalumræðuefnið. Hátíðin verður haldin dagana 7-10 júlí, 2016. Ljóst er að undirstöður samstarfsins standa völtum fótum sökum fjárskots. Ekkert norrænu grasrótarfélaganna hefur fast fjármagn til að móða úr nema förbundet Kysten í Noregi sem býr svo vel að hafa fimm starfsmenn á launum.

Danir höfðu sótt fast að fá að halda hátíðina 2017 þar sem Árósar munu þá hafa þann heiður að kallast menningarborg Evrópu. Haustfund norræna netverksins átti því að halda í Danmörku. Þegar leið á árið var hins vegar ljóst að fátt var eftir af bjartsýni hjá stjórn Træskibssammanslutningunni og þau hætt við öll hátíðarhöld 2017. Enginn haustfundur var því haldinn hjá Nordisk Kustkultur eins og lög gera ráð fyrir. Á fundinum lagði Sigurbjörg til að efnt skyldi til ráðstefnu á Grænlandi að ári í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina og aðra sem vinna að eflingu norræns samstarfs. Hugsanlega er þá hægt að átta sig á því hvort að grasrótarsamstarf á borð við Nordisk kustkultur á sér einhverja framtíð. Sigurbjörg var kosin til áframhaldandi formannssetu og Kerstin Bergström frá Svíþjóð ritari.

Ljósmál – heimildarkvikmynd um vita Félagið vinnur nú að gerð heimildarmyndar um vita landsins ásamt kvikmyndagerðarmönnum Einari Þór Gunnlaugssyni og Dúa Landmark. Kristján Sveinsson skrifar handrit en Sigurbjörg Árnadóttir hefur m.a. unnið að því að leita að gömlu myndefni. Verkið vinnst vel, tókur hafnar, dágott safn komið af gömlu myndefni og tuttugu milljónir komnar í pottinn af þeim 25 sem þarf til verksins. Gert er ráð fyrir að myndin verði tilbúin til sýninga eftir rúmt ár.

UNESCO og smíði súðbyrðings

Innan norrænu strandmenningarsamtakanna Nordisk kustkultur er unnið að því að koma handverkinu við smíði súðbyrðing á lista UNESCO og hafa Norðmenn tekið að sér að stjórna því verki og vinna alla undirbúningsvinnu. Félag þeirra, Kysten, sem er systurfélag Vitafélagsins, hefur fimm og hálf stöðugildi og því eiga þeir auðveldara en flest hinna félaganna með að bæta þessu á sína könnu. Öllum menningarráðherrum Norðurlanda hefur verið sent bréf sem og norrænu ráðherranefndinni með áskorun um að vinna saman að þessu máli. Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra hefur svarað bréfi félagsins og lofað að vinna að þessu máli. Búið er að safna undirskriftum frá sjóminjasöfnum og bátasmiðum á Norðurlöndum.

Eins og sjá má á þessum lestri þá hefur ýmislegt verið gert á vegum félagsins á nýliðnu starfsári og ógerningur að hafa tölu á öllum þeim vinnustundum sem unnar hafa verið á vegum þess bæði af stjórnarmönnum og öðrum. Allt er þetta gert í sjálfböðavinnu og svo er einnig með flesta fyrirlesara sem hafa lagt félaginu lið og ausið hafa fróðleiksmolum úr viskubrunnum sínum, en fjöldi þeirra er nú komin á annað hundraðið.

Sérstök upplifun er að sjá fólk ranka við sér og koma auga á auð strandmenningarinnar og uppgötva að í þessum þætti menningararfsins leynast tækifæri til atvinnu og nýsköpunar eða heyra ungt fólk fullyrða að orðið strandmenning hafi nú alltaf verið til – það er meðal þess sem gerir það að verkum að við sem viljum veg og

vanda strandmenningarinnar sem mestan höldum áfram að vekja athygli á þessum verðmæta arfi.

Vonandi kemur einnig að því að stjórnvöld landsins vakna, hlusta á grasrótina og veita þessum miklu menningarverðmætum athygli.

Að lokum vil ég þakka bæði stjórnarmönnum, öllum fyrirlesurum sem lagt hafa okkur lið, gestum sem sótt hafa þessar samkomur okkar og öllum öðrum sem lagt hafa hönd á plög fyrir frábært samstarf. Vona að sumarið verði ykkur öllum gleðiríkt.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður